

Salzbúrgaryfirlýsingin fyrir fjöltyngdan heim

Í hinum samtengda heimi dagsins í dag er getan til að tala mörg tungumál og til að eiga í samskiptum milli mismunandi tungumála mikilvæg kunnátta. Jafnvel það að kunna bara brot úr fleiri en einu tungumáli er gagnlegt. Kunnátta í fleiri tungu-málum er ný gerð af læsi á heimsvísu. Nauðsynlegt er að breiða út tungumálakennslu þannig að hún nái til allra - ungra sem aldinna.

Hins vegar er milljónum einstaklinga út um allan heim neitað um sjálfsagðan rétt til að viðhalda, njóta og þróa tungumálið sem mótar sjálfsmynd þeirra og samfélag. Þetta óréttlæti verður að leiðrétta í tungumálastefnum sem styðja fjöltyngd samfélög og einstaklinga.

Við, þátttakendur Salzburg Global Seminar fundarins með yfirskriftina *Stökkpallur fyrir hæfileika: Tungumálakennsla og samþætting í alþjóðavæddum heimi* (12 -17 desember 2017; salzburgglobal.org/go/586) óskum eftir stefnum sem virða fjöltyngi og tungumálaréttindi og viðhalda þeim.

Salzbúrgaryfirlýsingin fyrir fjöltyngdan heim verður studd af yfirgripsmikilli skýrslu og bloggum sem fjalla um lykilatriði sem gefin verða út á árinu 2018.

VIÐ LIFUM Í HEIMI ÞAR SEM:

- Öll 193 lönd Sameinuðu þjóðanna og flestir einstaklingar eru fjöldtyngdir.
- 7.097 tungumál eru töluð um allan heim í dag.
- 2.464 þeirra eru í útrýmingarhættu¹.
- 23 tungumál eru ráðandi, töluð af yfir helmingi jarðarbúa².
- 40% einstaklinga hafa engan aðgang að menntun þess tungumáls sem þeir skilja³.
- 617 milljón börn og fullorðnir ná ekki lágmarks kunnáttu í lestri⁴.
- 244 milljónir einstaklinga eru alþjóðlegir innflytjendur, þar af eru 20 milljónir flóttamenn, sem er 41% aukning frá því árið 2000⁵. Innflytjendur og flóttamenn einir saman myndu mynda fimmtu fjölmennustu þjóð heimsins⁶.

Heimurinn okkar er svo sannarlega fjöltyngdur en samt sem áður mismuna menntunnar- og hagkerfi, ríkisborgararéttarferli og almennar stofnanir miljónum einstaklinga vegna tungumáls þeirra og tungumálagetu. Við þurfum að takast á við þennan vanda ef við ætlum að ná markmiðunum um sjálfbæra þróun⁷ sem 193 þjóðir settu sér árið 2015 til „að útrýma fátækt, vernda jörðina og tryggja velmegun fyrir alla“. Réttlátt menntakerfi sem byggt er á sterkum og sanngjörnum tungumálastefnum er grundvallaratriði til að stuðla að alhlíða framförum.

GRUNDVALLARREGLUR

- Fjöltyngi felur í sér bæði skýra tungumálakennslu og hin óformlegu samskiptamynstur sem verða til í fjöltyngdum samfélögum.
- Fleirtyngi er orð sem haft er yfir einstaklinga sem búa yfir kunnáttu margra tungumála.
- Sögulegar, landfræðilegar og félagslegar fræðilegar kringumstæður leiða til margra mismunandi tegunda fjöltyngis og notkunar þess.
- Fjöltyngd menntun og stuðningur við félagslegt fjöltyngi frá ríkjum og alþjóðlegum stofnunum stuðlar að miðlun kunnáttu og fjölmenningslegum skilningi og styrkir alþjóðleg samskipti.

Markvissar tungumálakennslur geta aukið félagslega samkennd, bætt niðurstöður menntunnar og stuðlað að hagþróun. Frekari tungumálakennsluáferðir gera börnum kleift að byggja upp gott læsi í þeirra móðurmáli; hjálpa samfélögum að viðhalda tungumálinu sem mótar sjálfsmynd þeirra, kunnáttu og trú; og skapa tækifæri til að læra ný tungumál sem hagnast þeim persónulega, menningarlega eða hagfræðilega. Fjöltyngnisstefnur geta viðhaldið hinni einstöku og mikilvægu auðlind sem tungumálafjölbreytileiki er og knúðið jákvæðar breytingar í heiminum áfram, hagfræðilegar, félagslegar og stjórnfraðilegar.

Við hvetjum einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og ríkisstjórnir til að tileinka sér fjöltyngt hugarfar sem heldur uppi heiðri tungumálafjölbreytni og stuðlar að því að gera hana að alþjóðlegu viðmiði, tekur á tungumálamismunun og þróar tungumálastefnur sem stuðla að fjöltyngi.

TILLÖGUR

Stefnumyndun

Árangursrík tungumálastefna þarfnast álits sérfræðinga og virkrar þátttöku hagsmunaaðila samfélagsins. Að taka skynsamur og skýrar ákvarðanir varðandi tungumál í þjóðfélaginu felur í sér að:

- semja um skýr markmið sem eru raunhæf og framkvæmanleg.
- hafa alla hagsmunaaðila með í stefnuferlinu, með áberandi hlutverk fyrir kennara á öllum stigum.
- raða stefnum í röð sem nær frá tímanum fyrir skólagöngu til tímans eftir skólagöngu og frá óhefðbundinni menntun og til menntunnar sem endist út lífið.
- leggja áherslu á alla tungumálakunnáttu og þarfir, þar á meðal að viðhalda, læra og nota móðurmál samfélaga sem eru í minnihluta.
- nota upplýsingar úr rannsóknum um menntun og hugrænt atferli í kennslu á móðurmáli og öðrum tungumálum.
- virkja möguleika samskiptatækni.
- tryggja nægjanleg úrræði til að framkvæma stefnuna til hlýtar.
- hafa eftirlit með og meta stefnumarkmið og framvæmd reglulega.

Kennsla og nám

Umfang tungumálastefnu er félagslegt, hagfræðilegt og menningarlegt ásamt því að vera menntandi. Lífslangt tungumálanám er mikilvægt fyrir samfélög til að viðhalda fjöltyngi og hagnast á því. Menntunar, hæfnis- og vinnustefnur ættu að styðja við og viðurkenna tungumálanám fyrir alla, samhliða því að kunna að meta tungumálafjölbreytileika. Börn og fullorðnir ættu að geta haft aðgang að samþættum og samfelldum möguleikum til að þróa, auðga og bæta við tungumálakunnáttu í gegnum lífið.

Þörf er á nýju menntunarhugarfari sem inniheldur hefðbundnar og óhefðbundnar fræðigreinar og nýtir nútímatækni. Staðir fyrir virkt tungumálanám ná langt út fyrir skóla og framhaldsskóla. Staðir eins og götur, heimili, samfélagsmiðlar, stafrænt umhverfi, og flóttamannastuðningsaðstaða geta hvatt til náms og fengið fólk til að kunna að meta tungumál.

Þýðing og túlkun

Þessi þjónusta er óaðskiljanlegur hluti af hönnun og veitingu opinberrar þjónustu og upplýsingamiðlunar í fjöltyngdum samfélögum. Sanngjörn þátttaka í heilsu-, menntunna-, hagfræði- og lagaumhverfi veltur á aðgengilegri og faglegri tungumálamiðlun.

FRAMKVÆMDAFÓLK ÓSKAST

Hagsmunaaðilar sem geta knúið fram breytingar eru vísindamenn og kennarar; samfélagsþjónar, borgaraleg félagasamtök og samtök utan ríkisstjórnar; menningarlegar raddir og fjölmiðlaraddir; ríkisstjórnir og opinberir starfsmenn; fyrirtæki og verslunarmenn; hjálpar- og þróunarsamtök; stofnanir og styrktarsjóðir. Við óskum eftir þeim öllum til að hjálpa til við að:

- þróa tungumálastefnur, -aðferðir og -tækni sem styður við samheldin og fjölbreytt samfélög sem búa yfir jákvæðu hugarfari gagnvart fjöltyngi og fleirtyngi.
- styðja við tungumálaréttindi, fjölbreytileika og ríkisborgararéttindi á virkan hátt í opinberum heimildum og skilaboðum.
- taka á öllum tilvikum mismununar, hleypidóma, fordóma og ójafnréttis sem tengjast tungumáli og læsi.
- viðurkenna að minnihlutahópar, innflytjendur og flóttamenn búa yfir miklum tungumálauði sem eru mjög mikil verðmæti fyrir okkar heim nú og í framtíðinni.

Á sinn einstaka hátt getur hver og einn hagsmunahópur stutt við og tekið fjöltyngi opnum örmum til að stuðla að félagslegum framförum, félagslegu réttlæti og þátttökuríkisborgararétti. Saman, getum við gripið til aðgerða til að standa vörð við menningar- og þekkingarfjársjóð fjöltyngis fyrir kynslóðir framtíðarinnar.

REFERENCES

- ¹ *Language Atlas*, UNESCO: <http://www.unesco.org/languages-atlas/>
- ² Joseph Lo Bianco, "Resolving ethnolinguistic conflict in multi-ethnic societies," *Nature*: <https://www.nature.com/articles/s41562-017-0085>
- ³ "40% don't access education in a language they understand," UNESCO: <https://en.unesco.org/news/40-don-t-access-education-language-they-understand>
- ⁴ "617 million children and adolescents not getting the minimum in reading and math," UNESCO: <https://en.unesco.org/news/617-million-children-and-adolescents-not-getting-minimum-reading-and-math>
- ⁵ *World Migration Report 2015*, International Organization for Migration: <https://www.iom.int/world-migration-report-2015>
- ⁶ *The Fifth Largest Country*, Population Connection: <http://www.populationconnection.org/article/fifth-largest-country/>

⁷ *Sustainable Development Goals*, United Nations <http://www.un.org/sustainabledevelopment/sustainable-development-goals/>